



**Þinggerð 64. ársþings KSÍ**  
**Haldið á Laugardalsvelli**  
**13. febrúar 2010**

**Þinggerð 64. ársþings KSÍ,  
haldið á Laugardalsvelli, 13. febrúar 2010**

Þingið setti formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, 13. febrúar kl. 11:00 og mælti svo:

Forystufólk íslenskrar knattspyrnu og góðir gestir.

Góðir þingfulltrúar.

A landslið kvenna var í sviðsljósinu á starfsárinu þegar það lék í úrslitakeppni Evrópumóts landsliða sem fram fór í Finnlandi. Þetta var í fyrsta sinn sem A landslið Íslands í knattspyrnu tók þátt í úrslitakeppni og því um merkan áfanga að ræða í sögu KSÍ. Liðið stóð sig með þrýði þrátt fyrir þrjá ósigra og fékk góðan stuðning landsmanna sem fylgdust með í sjónvarpinu sem og þeirra sem lögðu leið sína til Finnlands. Þrátt fyrir ósigur í öllum leikjum mótsins sýndi liðið að það á vel heima í keppni hinna bestu. Með sönnu má segja að kvennalandsliðið hafi verið skrautfjöður KSÍ á starfsárinu. Liðið hélt síðan uppteknum hætti í undankeppni HM og er enn á ný í harðri keppni um að komast áfram, en auðvitað er verkefnið stórt enda komast aðeins 4 eða 5 Evrópulíð í úrslitakeppni HM 2011 í Þýskalandi.

A landslið karla náði sér ekki á strik á árinu og bætti aðeins við sig einu stigi í undankeppni HM 2010 úr fjórum leikjum. Niðurstaðan var því 5 stig og síðasta sætið í riðli 9 í Evrópu, en liðið hafði einmitt verið dregið í riðilinn í fimmta styrkleikaflokki. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu var ákveðið að endurnýja samninginn við þjálfara liðsins, Ólaf Jóhannesson, til tveggja ára. Honum tókst að bæta leik liðsins á árinu og eru bundnar væntingar við að það muni skila betri árangri í riðlakeppni EM 2012 sem hefst í haust en þar verða mótherjar okkar ekki af verri taginu, nefnilega landslið Portúgals, Danmerkur, Noregs og Kýpur.

Starfsemi yngri landsliða var í föstum skorðum og verkefni hefðbundin. U19 landslið kvenna náði þeim frábæra árangri að komast í úrslitakeppni EM sem að þessu sinni fór fram í Hvíta-Rússlandi. U21 landslið karla hefur farið vel af stað í riðlakeppni EM 2011 og framundan eru spennandi leikir um að komast áfram í keppninni. Við þurfum ekki að kvíða framtíðinni – Ísland á marga efnilega leikmenn sem hafa metnað til að ná langt í íþrótt sinni og sumir hverjir hafa þegar gert knattspyrnuna að atvinnu sinni hjá erlendum félögum.

Þær voru margar gleðistundirnar á innlendum vettvangi á liðnu starfsári. Fyrst er telja frábært afrek FH sem varð Íslandsmeistari í meistaraflokki karla í fimmta sinn á sex árum. Breiðablik náði loks að vinna stóran titil í meistaraflokki karla þegar liðið varð bikarmeistari í fyrsta sinn. Úrslitaleikurinn markaði tímamót því hann var sá fimmtugasti í röðinni frá því keppnin hófst 1960. Valur var enn á ný besta lið landsins í meistaraflokki kvenna og varð bæði Íslands- og bikarmeistari, nú Íslandsmeistari fjórða árið í röð. Það var stór stund fyrir knattspyrnuna á Suðurlandi þegar Selfoss vann sér sæti til að leika í efstu deild karla í fyrsta sinn í sögu félagsins og það voru á sama hátt tímamót á Seltjarnarnesi þegar Gróttu tryggði sér í fyrsta sinn rétt til að leika í næst efstu deild karla á komandi leiktíð. Þá var árangur Hauka glæsilegur en bæði karla- og kvennalið félagsins unnu sér sæti í efstu deild. Í yngri flokkum var líf og fjör á völlum landsins í fjölmörgum mótum sem skipulögð voru af KSÍ eða einstökum aðildarfélögum. Aldrei hefur KSÍ skipulagt jafnmarga leiki í 11 manna liðum eins og á starfsárinu og sýnir það vel að knattspyrnan nýtur sem fyrr mikilla vinsælda.

Málefni dómara voru tekin föstum tókum og það var mikil viðurkenning þegar Knattspyrnusamband Evrópu staðfesti aðild KSÍ að dómarasáttmála UEFA. Það sýndi vel að KSÍ hafði aukið gæði í starfi sínu á sviði dómgæslu hvað varðar umgjörð, menntun og þjálfun. Þá ákvað stjórn KSÍ að taka yfir niðurröðun dómara og aðstoðardómara á öllum leikjum Íslandsmóts og bikarkeppni í meistaraflokki og sátu því öll félög loks við sama borð í því efni.

Enn var haldið áfram að auka fræðslustarf KSÍ á starfsárinu og ljóst að umfangið var meira á því sviði en nokkru sinni fyrr. Einstaklega ánægjulegt var að Knattspyrnusamband Evrópu fól KSÍ að halda tvö námskeið hér á landi sem tókust vel auk þess sem nokkrir tugir íslenskra þjálfara fóru utan til menntunar á vegum KSÍ og Knattspyrnusambands Evrópu. Menntun þjálfara og annarra þeirra sem starfa innan vébanda KSÍ er nauðsynleg til þess að framfarir verði í okkar starfi. Eitt er að mennta þá sem stíga sín fyrstu skref en hitt er það að auka þekkingu þeirra sem eru í fremstu röð – fylgjast þarf með þróun leiksins og nýjum aðferðum og miðla upplýsingum til fjöldans. KSÍ hefur ekki bara aukið fræðslu heldur hefur grasrótastarf af ýmsu tagi verið aukið til þess að sem flestir geti tekið þátt í knattspyrnuleiknum og hefur KSÍ gerst aðili að grasrótarsáttmála UEFA til þess að efla starf sitt á þessum vettvangi.

Rekstur KSÍ var í föstum skorðum á starfsárinu þrátt fyrir að umfang starfseminnar hafi aldrei verið meira og aldrei hafi sambandið tekið á sig jafn miklar fjárhagslegar skuldbindingar vegna mótahalds innanlands. Fjárhagslegur stuðningur KSÍ við aðildarfélögin náði nýjum hæðum um leið og sett var met í fjölda landsleikja og ýmis önnur starfsemi aukin. Þetta gerðist um leið og að þrengdi í tekjuöflun innanlands og sér í lagi lækkuðu framlög íslenskra fyrirtækja til íþróttastarfsemi sem bitnaði mjög á aðildarfélögum sambandsins. Það er ánægjulegt að geta greint frá því að rekstur KSÍ skilaði um 50 m. kr. hagnaði á starfsárinu og lán í erlendri mynt upp á tæpar 600 m. kr. var greitt upp. Í fyrsta sinn í rúman áratug voru ekki vaxtaberandi skuldbindingar á KSÍ um sl. áramót. Styrkur Knattspyrnusambands Íslands mun að mínu viti ávallt grundvallast á fjárhagslegu sjálfstæði. Það eru erfiðir tímar og því nauðsynlegt að fara varlega í rekstri KSÍ en engu að síður verða styrkir til aðildarfélaga og rekstur KSÍ á nýju starfsári að mestu með sama sniði og á síðasta starfsári.

Stjórn KSÍ þakkar ykkur forystusveit íslenskrar knattspyrnu fyrir frábær störf á starfsárinu og fyrir gott samstarf. Ég sendi ykkur líka kveðju Michel Platini forseta Knattspyrnusambands Evrópu, en ég átti með honum fund sl. sunnudag í Varsjá. Það er fyrir ykkar miklu störf sem knattspyrnuhreyfingin á Íslandi stendur eins sterk og raun ber vitni. Ég óska ykkur gæfu á komandi keppnistímabili. Það má öllum vera ljóst að drengur eða stúlka sem ratar í okkar hreyfingu fær góðar móttökur og heilbriggt uppeldi sem skilar sér í leik og starfi.

Á persónulegum nótum vil ég segja ykkur að síðustu mánuðir hafa verið mér erfiðir en ég vil fullvissa ykkur um að ást mín á íslenskri knattspyrnu stendur óhöggud. Það er bara einu sinni svo að líf mitt hefur frá unga aldri að stórum hluta snúist um störf fyrir okkar hreyfingu – ég þekki ekki annað. Ég hef alla tíð unnið af heilindum fyrir íslenska knattspyrnu og mun gera svo áfram. Ég hef enga þörf fyrir að vera í sviðsljósinu – þar á frægðarsól leikmanna og þjálfara að skína. Það er hins vegar klárt mál að ég skorast ekki undan að koma fram fyrir ykkar hönd til sóknar eða varnar fyrir okkar fögru íþrótt. Ég vil þakka ykkur góðan stuðning við mig – hann er mér mikils virði.

KSÍ treður ekki illsakir við einn eða neinn og efnir ekki til ófriðar og saman munum við ávallt standa vörð um ímynd leiksins. Þeir sem að okkur sækja mæta knattspyrnuhreyfingu þar sem fólk stendur saman og tekur ákvarðanir sem sjálfstæð samtök í frjálsum samfélagi í fullu samræmi við gildandi landslög og reglur.

Verkefni framundan eru eins og alltaf fjölmörg. Sigmundur Ó. Steinarsson hefur hafið ritun sögu Íslandsmótsins sem mun koma út á næsta ári þegar 100. mótið fer fram. Setja þarf á laggirnar afmælisnefnd til þess að fagna 100. mótinu með viðeigandi hætti árið 2011. Unnið verður að stefnumótun fyrir KSÍ á þessu ári; fjallað verður um lækni skoðun leikmanna; gefnir verða út bæklingar til að auka fræðslu um umhirðu grasvalla og byggingu leikvanga; og semja þarf um útsendingar innanlands í sjónvarpi frá íslenskri knattspyrnu svo fátt eitt sé nefnt.

Árþing KSÍ er vettvangur til umræðu og breytinga. Við hittumst hér til að ræða saman formlega, en ekki síður til þess að bera saman bækur okkar með óformlegum hætti. Íslensk knattspyrna nýtur mikilla vinsælda nú sem fyrr þegar ég segi 64. árþing Knattspyrnusambands Íslands sett.

---

## Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár

Geir Þorsteinsson afhenti Breiðablik kvennabikarinn.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, veitti viðurkenningar RÚV fyrir frábæra umfjöllun um EM í Finnlandi 2009. Kristín Hálfðánardóttir tók við viðurkenningunni fyrir hönd RÚV og sagði að verkefnið hefði verið starfsmönnum RÚV sönn ánægja, en viðurkenninguna tileinkaði starfsfólkið Hrafneli Kristjánssyni, fréttamanni, sem lést á síðasta ári.

Geir Þorsteinsson afhenti Drago-styttturnar, til KR í Pepsi-deild karla og til ÍA í 1. deild karla.

Geir Þorsteinsson afhenti jafnréttisviðurkenningu KSÍ til ÍR fyrir frumkvöðlastarf í eineltismálum innan íþróttahreyfingarinnar og ÍA fyrir frumkvöðlastarf í málefnum fatlaðra iðkenda.

**Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:**

Þorsteinn Gunnarsson, ÍS  
Eiríkur Einarsson, ÍBR  
Bjarni Áskelsson, ÍBA

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

**Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:**

1. þingforseti: Guðmundur Pétursson
2. þingforseti: Steinn Halldórsson

og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki. 1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.

**Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:**

1. þingritari: Ágúst Ingi Jónsson
2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

---

**Ávörp gesta**

Gunnar Bragason flutti kveðju Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands í fjarveru formanns og framkvæmdastjóra, sem eru á vetrarólympíuleikunum í Kanada. Sagði hann ánægjulegt að lesa ársreikning KSÍ fyrir síðasta ár og sjá bæði góðan hagnað af rekstri og góðan sjóð af handbæru fé. KSÍ byggir að miklum stöðugum tekjum erlendis frá, en slíkt væri ekki raunin hjá öðrum íslenskum sérsamböndum. Þessi sérstaða kæmi vel í ljós eftir að meginstöðir fjármögnunar íþróttahreyfingarinnar hér innanlands hefðu brostið í kjölfar efnahagskreppunnar. Aðrir hefðu þurft að draga verulega úr starfsemi, sérstaklega í því er lýtur að þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Hann sagðist vona að úr rættist fyrir en seinna. Brýnt væri að standa vörð um barna- og unglíngastarf. KSÍ hefði notið stuðnings frá ríki og sveitarfélögum undanfarin ár, m.a. vegna uppbyggingar á aðstöðu til knattspyrnuíðkunar. Bætt aðstaða gæfi íþrótt- og héraðssamböndum aukinn styrk og þakkaði Gunnar forystu KSÍ öflugt starf að uppbyggingarmálum. Bætt aðstaða og aukin menntun þjálfara gæfi möguleika á betra afreksfólki sem vel hefði mátt sjá á þátttöku kvennalandsliðsins á EM í Finnlandi síðasta sumar. Að komast í úrslitakeppnina hefði verið mikið afrek og í Finnlandi hefði liðið staðið sig vel. Íslenskri íþróttahreyfingu væri afar mikilvægt að eiga íþróttafólk í fremstu röð.

Síðan sagði Gunnar: "Knattspyrnusamband Íslands er fjölmennasta sérsamband landsins og er þar með leiðandi og mótandi þegar umræða sem tengist sérsamböndum ÍSÍ á sér stað. Það fylgir því mikil ábyrgð að vera leiðandi á einhverju sviði og mikilvægt að þar sé gengið með góðu fordæmi. Vissulega skiptast á skin og skúrur innan íþróttahreyfingarinnar eins og í lífinu sjálfu, en það er ýmislegt sem við forystufólk hreyfingarinnar getum haft áhrif á og þurfum að beita okkur fyrir að sé í lagi.

Knattspyrnuhreyfingin lenti í neikvæðri fjölmiðlaumfjöllun núna í haust og slík mál hafa neikvæð áhrif á íþróttahreyfinguna alla. Hver sambandsaðili innan ÍSÍ er sjálfstæð eining og þarf þannig að standa fyrir sínu máli. Það er alltaf erfitt þegar persónuleg mál komast í kastljósið og því mikilvægt að viðbrögð aðila séu markviss og yfirveguð. Þetta mál var á forræði KSÍ að leysa og það fékk ákveðna niðurstöðu. Þetta mál, og fjölmiðlafárið í kringum það, er fyrir okkur öll að læra af og það er mjög mikilvægt að svo verði gert" sagði Gunnar Bragason meðal annars.

**Álit kjörbréfanefndar**

Eiríkur Einarsson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HSB (1): Torfi Jóhannsson.

Frá HSH (2): Hilmar Hauksson og Aðalsteinn Snæbjörnsson.

Frá HSK (9): Óskar Sigurðsson, Þorsteinn Magnússon, Jón Gíslason, Tómas Þóroddsson, Guðbjartur Örn Einarsson, Einar Karl Þórhallsson, Valgeir Ásgeirsson, Eyjólfur Harðarson og Viktor Steingrímsson.

Frá HSV (1): Jóhann K. Torfason.

Frá HSP (2): Sveinn Aðalsteinsson og Þorsteinn Þormóðsson.

Frá ÍA (3): Gísli Gíslason, Jóhanna Hallsdóttir og Ágústa Friðriksdóttir.

Frá ÍBA (6): Unnsteinn Jónsson, Viðar Ólason, Páll Gíslason, Bjarni Áskelsson, Gunnar Gunnarsson og Páll Jónsson.

Frá ÍBH (9): Jón Björn Skúlason, Heimir Heimisson, Ingvar Magnússon, Agnar Steinn Gunnarsson, Jón Rúnar Halldórsson, Pétur Ó. Stephensen, Lúðvík Arnarson og Viðar Halldórsson.

Frá ÍRB (7): Þorsteinn Magnússon, Hjördís Baldursdóttir, Einar Helgi Aðalbjörnsson, Jón Ólafsson, Bjarni Sæmundsson, Leifur Gunnlaugsson og Ólafur Thordersen.

Frá ÍBR (35): Kjartan Daníelsson, Guðrún Hjartardóttir, Magnús Ingi Stefánsson, Ámundi Halldórsson, Kristinn Kjærnested, Jónas Kristinsson, Jónas Sigurðsson, Rúnar Kristinsson, E. Börkur Edvardsson, Ótthar Edvardsson, Ragnhildur Skúladóttir, Björn Guðbjörnsson, Brynjar Jóhannesson, Lúðvík Þorgeirsson, Júlíus Guðmundsson, Magnús Þorsteinsson, Kári Arnórsson, Guðni Þórisson, Einar Hermannsson, Eyþór Einarsson, Rúnar Óskarsson, Karl Arthursson, Arnar Einarsson, Þórður Einarsson, Þórir Þórisson, Haraldur Haraldsson, Heimir Gunnlaugsson, Björn Einarsson, Finnbogi Hilmarsson, Sigurður Sveinbjörnsson, Eysteinn Lárusson, Guðmundur Óskar Pálsson, Páll Kristjánsson, Zakaría Elías Anbari og Eiríkur Þ. Einarsson.

Frá UÍF (2): Hlynur Guðmundsson og Róbert Jóhann Haraldsson.

Frá ÍBV (5): Einar Friðbjólfsson, Jóhannes Ólafsson, Jóhann Sveinn Sveinsson, Þorsteinn Þorsteinsson og Trausti Hjaltason.

Frá ÍS (8): Þorsteinn Gunnarsson, Jónas Þórhallsson, Sigurður Halldórsson, Eiríkur Leifsson, Ólafur Róbertsson, Gísli Heiðarsson, Einar Örn Ágústsson og Víðir Róbertsson.

Frá UÍA (6): Þorvarður Sigurbjörnsson, Benedikt Jóhannsson, Stefán Már Guðmundsson, Árni Ólason, Stefán Þór Eyjólfsson og Guðni Þór Magnússon.

Frá UMSE (1): Björn Friðbjólfsson.

Frá UMSK (22): Pétur Arason, Torfi Ólafur Sverrisson, Viggó Magnússon, Þorsteinn Hallgrímsson, Kjartan Salómonsson, Bjarki Már Sverrisson, Hilmar Bergmann, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Tryggvi Þorsteinsson, Hanna Símonardóttir, Jón Sigurðsson, Árni Pétursson, Haukur Harðarson, Valdimar Leó Friðriksson, Einar K. Jónsson, Ólafur Björnsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Svavar Jósefsson, Almar Guðmundsson, Einar Páll Tamimi, María Grétarsdóttir og Sturla Þorsteinsson.

Frá UMSS (2): Skúli V. Jónsson og Ómar Bragi Stefánsson.

Frá USÚ (1): Valdemar Einarsson.

Enginn mætti frá: HHF, HSS, UDN, UMSB, USAH, USVH og USVS.

Fyrirnefndur 121 fulltrúi mætti til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt. Auk þeirra sátu fjölmargir varafulltrúar ársþingið.

**Framkvæmdastjóri KSÍ, Þórir Hákonarson, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.**

**Gjaldkeri KSÍ, Guðrún Inga Sívertsen, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.**

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Valdimar Leó Friðriksson tók til máls og sagði greinilegt af ársskýrslu og reikningum að KSÍ væri vel rekið samband. Hann gerði að umtalsefni og gagnrýndi viðræður og síðan ráðningu samningsbundins þjálfara kvennaliðs Aftureldingar til KR. Beindi hann því til stjórnar að finna leið til að koma í veg fyrir að svona lagað endurtæki sig. Hann hvatti þingfulltrúa til að sækja á um styrki og stuðning sveitarstjórna á komandi mánuðum fram að sveitarstjórnarkosningum.

Almar Guðmundsson tók til máls og spurðist fyrir um fyrirframgreiðslu frá UEFA upp á 1,5 milljóna evrur vegna Laugardalsvallar. Einnig spurðist hann fyrir um kröfu í þrotabú Kaupþings.

Geir Þorsteinsson svaraði fyrirspurnum og sagði um þjálfaramálin að mikilvægt væri að staðið væri við undirskrifaða samninga. Um fyrirframgreiðsluna frá UEFA benti hann á að hún væri skýrð í reikningum. Upphaf þessarar greiðslu mætti rekja til viðræðna KSÍ við UEFA sem hófust síðasta vor þegar lán frá Landsbankanum í erlendri mynt vegna framkvæmda á Laugardalsvelli hafði tvöfaldast vegna hruns íslensku krónunnar. Hann sagði að fyrirframgreiðslan yrði tekin af rekstrarstyrkjum frá UEFA á næstu þremur árum og þannig greidd til baka.

Geir gaf nánari skýringu á kröfu KSÍ á hendur Kaupþing banka en um forgangskröfu er að ræða sem hann vonast til að verði samþykkt.

**Reikningar sambandsins voru samþykktir.**

---

## **Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 23**

Tillögur á þingskjölum 6 til 23 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

## Þingskjal 6

- Þórir Hákonarson hafði framsögu.

## Rekstraráætlun 2010

	Skýr.	Áætlun 2010	Niðurstaða 2009	Áætlun 2009
<b>Rekstrartekjur</b>				
Styrkir og framlög	1	365.000.000	401.960.490	332.200.000
Tekjur af landsleikjum		32.300.000	38.433.399	38.500.000
Sjónvarpsréttur		200.000.000	168.629.250	169.000.000
Aðrar rekstrartekjur		26.350.000	28.905.345	28.000.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar		65.510.000	65.393.325	66.200.000
		<b>689.160.000</b>	<b>703.321.809</b>	<b>633.900.000</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Kostnaður við landslið	2	-256.600.000	-263.722.954	-255.895.000
Mótakostnaður		-101.100.000	-98.502.549	-86.250.000
Fræðslukostnaður		-25.280.000	-26.632.440	-21.900.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	-161.400.000	-158.518.675	-153.000.000
Húsnæðiskostnaður		-19.000.000	-13.442.343	-16.000.000
Annar rekstrarkostnaður	4	-3.500.000	-9.831.103	-4.500.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar		-54.825.000	-51.774.862	-63.350.000
Afskriftir		-30.000.000	-41.293.915	-30.000.000
		<b>-651.705.000</b>	<b>-663.718.841</b>	<b>-630.895.000</b>
<b>Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld</b>		<b>37.455.000</b>	<b>39.602.968</b>	<b>3.005.000</b>
<b>Aðrar tekjur og gjöld</b>				
Styrkir vegna mannvirkjasjóðs KSÍ		30.000.000	39.665.458	50.000.000
Framlög úr mannvirkjasjóði KSÍ		-30.000.000	-39.665.458	-50.000.000
Útgáfa		-5.200.000	-9.332.585	-2.500.000
Styrkir og framlög til aðildarféлага		-47.000.000	-56.524.168	-50.000.000
Fjármunatekjur		30.000.000	52.584.898	70.000.000
Fjármagnsgjöld		-15.000.000	-14.697.523	-20.000.000
Gengismunur		0	38.096.697	0
		<b>-37.200.000</b>	<b>10.127.319</b>	<b>-2.500.000</b>
<b>Hagnaður/tap ársins</b>		<b>255.000</b>	<b>49.730.287</b>	<b>505.000</b>

## Skýringar

	Áætlun 2010	Niðurstaða 2009	Áætlun 2009
<b>1. Styrkir og framlög</b>			
ÍSí	21.000.000	25.644.893	19.700.000
Getraunir	4.000.000	4.441.422	3.500.000
UEFA styrkir	260.000.000	282.982.595	224.000.000
FIFA styrkur	30.000.000	30.891.580	25.000.000
Ýmsir styrkir	50.000.000	58.000.000	60.000.000
	<b>365.000.000</b>	<b>401.960.490</b>	<b>332.200.000</b>
<b>2. Kostnaður við landslið</b>			
A-landslið karla	105.690.000	103.782.771	106.570.000
U-21 landslið karla	22.630.000	22.310.786	23.880.000
U-19 landslið karla	13.880.000	14.874.251	14.435.000
U-17 landslið drengja	11.840.000	15.597.712	13.000.000
A-landslið kvenna	56.030.000	55.774.511	55.610.000
U-19 landslið kvenna	16.200.000	22.966.517	12.510.000
U-17 landslið stúlkna	14.880.000	9.207.005	12.115.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	15.450.000	19.209.401	17.775.000
	<b>256.600.000</b>	<b>263.722.954</b>	<b>255.895.000</b>
<b>3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>			
Launakostnaður	108.050.000	108.086.001	104.150.000
Skrifstofu- og nefndakostnaður	53.350.000	50.432.674	48.850.000
	<b>161.400.000</b>	<b>158.518.675</b>	<b>153.000.000</b>
<b>4. Annar rekstrarkostnaður</b>			
Þátttökuleyfi	2.500.000	2.557.195	1.500.000
Ýmis kostnaður	1.000.000	7.273.908	3.000.000
	<b>3.500.000</b>	<b>9.831.103</b>	<b>4.500.000</b>

Hilmar Bergmann benti á að styrkir til barna- og unglíngastarfs mættu ekki dragast saman, þvert á móti ætti að hækka þessa styrki verulega.

Þórir Hákonarson sagði að ekki stæði til að lækka þessa styrki. Á síðasta starfsári hefði hlutfall UEFA í þessum styrkjum hækkað, en beint framlag KSÍ lækkað. Í heildina hefðu þessir styrkir verið óbreyttir.

**Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt.**



**Þingskjal 7**

- Einar Páll Tamimi hafði framsögu.

**Tillaga til lagabreytingar  
– Kjörnefnd–****Lögð er til eftirfarandi breyting á lögum sambandsins:**

Gr. 11.1, tl. 14 h.:

Töluliðurinn hljóðar svo:

“Kosning kjörnefndar, 3ja manna, er starfi milli þinga.”

Töluliðurinn hljóði svo:

“Kosning kjörnefndar, 3ja manna. Kjörnefnd skal einungis kölluð saman af stjórn KSÍ ef fyrir liggur að ekki hafi innan framboðsfrests borist framboð til þeirra embætta sem tilgreind eru í gr. 11.1, 14. tl., og eru jafn mörg eða fleiri en þau embætti sem kjósa ber til. Skal þá kjörnefnd gera tillögu um þann fjölda fulltrúa til viðkomandi embætta sem á vantar til að nefndir eða embætti séu fullskipuð.”

**Greinargerð:**

Kjörnefndir, þrátt fyrir að vera ill nauðsyn þegar erfitt er að manna einstakar stöður í félagasamtökum eða annarsstaðar, er í eðli sínu ólýðræðislegt fyrirbæri. Það getur vart verið æskilegt að þeir sem kunna að vera áhugasamir um að gegna embættum fyrir félög eða sambönd eins og KSÍ séu settir í þá stöðu að vera að bjóða sig fram gegn tilnefndum aðila í stað þess að bjóða sig fram á jafnræðisgrundvelli við aðra mögulega frambjóðendur. Ekki verður séð að nokkur rök séu fyrir víðtækara hlutverki kjörnefndar en hér er lagt til.

**Stjarnan**

Lúðvík Georgsson lagði til að tillagan yrði felld. Í reynd hefði kjörnefnd starfað í þessum anda og ástæðulaust væri að gera lagabreytingu. Hins vegar mætti skerpa á starfsreglum.

**Tillaga á þingskjali 7 var felld með 42 atkvæðum gegn 28, (2/3 greiddra atkvæða þurfti).**

**Þingskjal 8**

- Framsögu hafði Einar Páll Tamimi.

**Ályktunartillaga um breytingar  
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
– Tilnefning dómara–****Lögð er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á reglugerðinni:**

Gr. 19.2:

Greinin hljóðar svo:

“KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi mótum:

- a. öllum mótum KSÍ í meistaraflokki,
- b. keppni U23 ára liða karla,
- c. A og B deild 2. flokks karla,

- d. bikarkeppni 2. flokks karla frá 8 liða úrslitum,
- e. úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka og eldri flokks.

KSÍ skal einnig tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í sömu leikjum, þar sem þess er krafist, nema í keppni U23 ára liða og leikjum 2. aldursflokks."

Greinin hljóði svo:

*"KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi mótum:*

- a. öllum mótum KSÍ í meistaraflokki,*
- b. keppni U23 ára liða karla,*
- c. A og B deild 2. flokks karla og kvenna,*
- d. bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum,*
- e. úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka og eldri flokks.*

*KSÍ skal einnig tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í sömu leikjum, þar sem þess er krafist, nema í keppni U23 ára liða og leikjum 2. aldursflokks."*

### Gr. 19.3:

Greinin hljóðar svo:

"Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

- a. landsmótum yngri flokka (deildum og riðlum) [en ekki í A og B deild 2. flokks karla]
- b. bikarkeppni yngri flokka, [en ekki í bikarkeppni 2. flokks karla frá 8 liða úrslitum],
- c. keppni eldri flokka (riðlakeppni).

Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

- a. keppni U23 ára liða karla,
- b. Íslandsmóti og bikarkeppni 2. flokks,
- c. keppni eldri flokka (riðlakeppni),
- d. í öðrum leikjum

Heimalið getur tilnefnt aðstoðardómara á leiki í keppni 11 manna liða þó þess sé ekki krafist."

Greinin hljóði svo:

*"Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:*

- a. landsmótum yngri flokka (deildum og riðlum) [en ekki í A og B deild 2. flokks karla og kvenna]*
- b. bikarkeppni yngri flokka, [en ekki í bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum],*
- c. keppni eldri flokka (riðlakeppni).*

*Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:*

- a. keppni U23 ára liða karla,*
- b. Íslandsmóti og bikarkeppni 2. flokks,*
- c. keppni eldri flokka (riðlakeppni),*
- d. í öðrum leikjum*

*Heimalið getur tilnefnt aðstoðardómara á leiki í keppni 11 manna liða þó þess sé ekki krafist."*

### 19.7:

Greinin hljóðar svo:

"Af hverjum leik sem fram fer í Pepsi-deild, 1. og 2. deild karla og Pepsi-deild kvenna skal heimaliðið greiða ákveðið gjald til að standa undir ferða- og upphaldskostnaði dómara og aðstoðardómara vegna leikja í viðkomandi deild. KSÍ ákveður upphæð þessa gjalds í ofangreindum deildum og greiðslur til dómara vegna upphaldskostnaðar og aksturs eigin bifreiða. Verði afgangur af gjaldinu skal hann endurgreiddur liðum viðkomandi deildar. Nægi gjaldið hins vegar ekki fyrir öllum kostnaði, skulu lið viðkomandi deildar greiða það sem á vantar. Í keppni U23 ára liða karla og A og B deild Íslandsmóts 2. flokks karla skal heimalið greiða gjald eins og að ofan greinir fyrir dómara."

Greinin hljóði svo:

"Af hverjum leik sem fram fer í Pepsi-deild, 1. og 2. deild karla og Pepsi-deild og 1. deild kvenna skal heimaliðið greiða ákveðið gjald til að standa undir ferða- og uppihaldskostnaði dómara og aðstoðardómara vegna leikja í viðkomandi deild. KSÍ ákveður upphæð þessa gjalds í ofangreindum deildum og greiðslur til dómara vegna uppihaldskostnaðar og aksturs eigin bifreiða. Verði afgangur af gjaldinu skal hann endurgreiddur liðum viðkomandi deildar. Nægi gjaldið hins vegar ekki fyrir öllum kostnaði, skulu lið viðkomandi deildar greiða það sem á vantar. Í keppni U23 ára liða karla og A og B deild Íslandsmóts 2. flokks karla og kvenna skal heimalið greiða gjald eins og að ofan greinir fyrir dómara."

**Greinargerð:**

Ekki verður séð að rök séu fyrir þeirri mismunun sem er á milli karla og kvenna skv. núgildandi ákvæðum.

**Stjarnan**

Lúðvík S. Georgsson gerði athugasemdir við tillöguna og að hún fæli m.a. í sér aukinn kostnað fyrir félagin.

**Tillagan á þingskjali 8 var samþykkt.**

---

**Þingskjal 9**

- Framsögu hafði Einar Páll Tamimi.

**Ályktunartillaga um breytingar  
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
– Röð liða í stigakeppni–**

**Lögð er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á reglugerðinni:**

21.3.

Greinin hljóðar svo:

"Sigurvegari í stigakeppni er það lið sem hlýtur flest stig og í 2. sæti er það lið sem hlýtur næst flest stig o.s.frv. Röð liða í stigakeppni ákvarðast nánar samkvæmt eftirfarandi (sbr. þó grein 21.4):

- a. Fjöldi stiga.
- b. Markamismunur (skoruð mörk að frádregnum fengnum mörkum).
- c. Fjöldi skoraðra marka.
- d. Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum.
- e. Markamismunur í innbyrðis leikjum.
- f. Fjöldi skoraðra marka í innbyrðis leikjum.
- g. Fjöldi skoraðra marka á útivelli í innbyrðis leikjum.

Ef úrslit fást ekki skv. framangreindu í meistaraflokki, skulu liðin leika úrslitaleik (úrslitaleiki ef fleiri en tvö lið) ef nauðsyn krefur, en í öðrum flokkum skal ákvarða röð með hlutkesti."

Greinin hljóði svo:

"Sigurvegari í stigakeppni er það lið sem hlýtur flest stig og í 2. sæti er það lið sem hlýtur næst flest stig o.s.frv. Röð liða í stigakeppni ákvarðast nánar samkvæmt eftirfarandi (sbr. þó grein 21.4):

- a. Fjöldi stiga.
- b. Markamismunur (skoruð mörk að frádregnum fengnum mörkum).
- c. Fjöldi skoraðra marka.
- d. Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum.
- e. Markamismunur í innbyrðis leikjum.

f. Fjöldi skoraðra marka í innbyrðis leikjum.

g. Fjöldi skoraðra marka á útivelli í innbyrðis leikjum.

*Ef úrslit fást ekki skv. framangreindu í meistaraflakki, skulu liðin leika úrslitaleik (úrslitaleiki ef fleiri en tvö lið) ef nauðsyn krefur, en í öðrum flokkum skal ákvarða röð með hlutkesti. 'Í Pepsi-deild kvenna skal þó fjöldi stiga í innbyrðis leikum ráða röð liða með jafnmörg stig en ofangreindir þættir við ákvörðun um röð liða eiga við að öðru leyti ráði stig í innbyrðis viðureignum ekki úrslitum"*

### Greinargerð:

Talsverður getumunur er á milli bestu og lökustu liða Pepsi-deildar kvenna, meiri en í Pepsi-deild karla, og því hafa úrslit þar sem annað liðið skorar afar mörg mörk en hitt liðið ekkert eða fá oft litið dagsins ljós. Í sumum leikjum er ekki fjarri lagi að tala um niðurlægingu í því sambandi. Núverandi fyrirkomulag hvetur lið til að halda áfram að bæta við mörkum á andstæðinginn algerlega að þarflausu þegar úrslit mikið meira en liggja fyrir með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á liðan keppinautanna – ekki síst þegar þeir lenda í þeirri aðstöðu leik eftir leik. Eins og nú háttar til er það beinlínis nauðsynlegt að halda áfram að reyna að bæta við mörkum, alveg sama þótt staðan sé jafnvel 10-0, enda gæti það ráðið úrslitum um sæti liða í mótslok, jafnvel Íslandsmeistaratitil. Oftar en ekki eru lið sem lenda ítrekað í því að tapa leikjum með miklum mun skipuð ungum og óhörðnuðum leikmönnum sem eru illa í stakk búnir til að taka slíkum áföllum. Þó svo vissulega sé hvorki hægt né ástæða til að taka fyrir það að stórsigrar geti unnist, er ekki þar með sagt að ástæða sé til að vera með kerfi sem beinlínis hvetur til slíkrar niðurlægingar. Þá er ógetið um kannski neikvæðasta þátt núverandi fyrirkomulags sem er sá að jafnvel lið sem eru að róbusta andstæðinginn heykjast á að gefa ungum og efnilegum knattspyrnukonum tækifæri til að koma inn á og öðlast reynslu af því að spila í Pepsi-deildinni, einfaldlega vegna þess að það kann að minnka eitthvað möguleika liðsins á að skora fleiri mörk. Sú staða að lið sem er að vinna andstæðinga sína með kannski tveggja stafa tölu, skipti ekki inn á varamönnum er þannig að hún dæmir sjálf það kerfi sem hvetur til slíkrar niðurstöðu.

### Stjarnan

Lúðvík Georgsson tók til máls og lagði til að tillagan yrði felld og sama fyrirkomulag yrði haft í öllum mótum á vegum KSÍ.

Einar Páll benti á að það fyrirkomulag sem Stjarnan legði til væri víða notað erlendis.

Þórir Hákonarson tók til máls og sagði óviðunandi að sérstakar reglur yrðu fyrir Pepsi-deild kvenna, nauðsynlegt væri að hafa samræmi í keppni karla og kvenna eins og margoft hefði verið farið fram á.

### Tillagan á þingskjali 9 var felld.

### Þingskjal 10

- Framsögu hafði Valdimar Leó Friðriksson.

### Ályktunartillaga um breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Varalið–

### Tillaga til stjórnar KSÍ um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót Varalið í mfl. karla og kvenna

Að hvert félag hafi rétt til þess að senda tvö lið í deildakeppni Íslandsmótsins. Varaliðið hefur keppni í neðstu deild og getur aðeins leikið í 2. og 3. deild, alltaf þó minnst einni deild neðar en aðallið sama félags.

Hlutgengir með varaliði eru allir þeir leikmenn viðkomandi félags sem ekki tóku þátt í næsta leik aðalliðs á undan í Íslandsmóti, bikarkeppni KSÍ eða Evrópukeppni.

Að hvert félag í efstu deild kvenna hafi rétt til að senda varalið sitt til keppni í 1. deild. Það getur ekki unnið sig upp um deild og ef það endar í fyrsta eða öðru sæti síns riðils, fara tvö efstu liðin sem ekki eru varalið í úrslitakeppnina.

Hlutgengir með B-liði eru allir þeir leikmenn viðkomandi félags sem ekki tóku þátt í næsta leik A-liðs á undan í Íslandsmóti, bikarkeppni KSÍ eða Evrópukeppni.

#### **Greinargerð:**

Öll vitum við að þátttaka í íþróttum er ein besta forvörn fyrir ungt fólk. Í knattspyrnunni er því þannig háttað að brottfall er mikið í 2. og 3. flokki. Ein af ástæðunum er að leikmenn hætta eða fara annað því þeir sjá að þeir hafa ekki tækifæri á að komast í liðið í meistaraflokki. Ef við ætlum að láta taka okkur alvarlega sem forvarnasamtök þá verðum við að gera allt sem við getum til þess að halda iðkendum sem lengst innan okkar raða. Þátttaka varaliðs í deildakeppninni stuðlar að því að fleiri leikmenn eiga þess kost að halda áfram keppni undir merkjum síns félags eftir að þeir ganga upp úr 2. flokki. Ennfremur fá þeir sem ekki spila reglulega með aðalliði viðkomandi félags aukin tækifæri til að halda sér í leikæfingu og taka framförum í keppni við hæfi.

Með þessu fyrirkomulagi er jafnframt opnað fyrir það að ungir leikmenn fái fleiri tækifæri en ella til að öðlast keppnisreynslu í meistaraflokki hjá sínu félagi.

Við leggjum áherslu á að opnað sé fyrir þennan möguleika og það sé sett í hendur félaganna að ákveða hvort þau vilji nýta sér þennan valkost til að koma sér upp varaliði sem taki þátt í metnaðarfullri keppni.

### **UMSK**

Björn Friðþjófsson tók til máls og sagði að eitt af grundvallatriðunum í starfseminni væri að hafa festu í mótamálum. Þegar stórar breytingar væru á döfinni væri alla jafna reynt að ná víðtækri sátt, en það hefði ekki verið gert í þessu tilviki. Björn sagði samþykkt tillögunnar óhagstæða fyrir félög á landsbyggðinni og væru breytingar í þessa átt auk þess mjög erfiðar í framkvæmd. Þannig yrði að ljúka keppni í efri deildum áður en ljóst væri hvaða lið mættu taka þátt í úrslitakeppni til dæmis þriðju deildar. Björn lagði til að tillagan yrði felld.

**Tillagan á þingskjali 10 var felld.**

#### **Þingskjal 11**

- Þorsteinn Gunnarsson, gerði grein fyrir tillögunni.

#### **Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Bikarkeppni KSÍ–**

**Lagt er til við stjórn KSÍ að grein 23.2.7. breytist þannig, yfirstrikað fellur út og ská- og feitletrað bætist við:**

23.2.7. Úrslitaleikur og ~~undanúrslitaleikur~~ bikarkeppninnar skulu **skal** fara fram á Laugardalsvelli og skal keppninni ljúka í **ágúst eða** september eða október. Mótanefnd skal þó heimilt að láta leiki ~~í undanúrslitum~~ **úrslitaleikinn** fara fram annars staðar en á Laugardalsvelli við sérstakar ~~aðstæður~~. **ef liðin sem leika til úrslita óska þess sérstaklega**. Mótanefnd annast framkvæmd leikjanna í samráði við leikaðila.

#### **Greinargerð:**

Á sínum tíma voru Grindavík og FH flutningsaðilar að tillögu þess efnis að undanúrslitaleikirnir færu fram á Laugardalsvelli. Okkur þykir þessi tilraun hafa misheppnast og viljum við færa fyrirkomulagið til fyrra horfs og að það lið sem fyrr kemur upp úr pottinum í drættinum fái heimaleik. Stemmning og umgjörð undanúrslitaleikjanna á Laugardalsvelli hefur ekki verið eins og vænst var og þá er þetta ósanngjarnt gagnvart landsbyggðarliðunum.

Þá leggjum við til að úrslitaleikur bikarkeppninnar verði færður frammar í dagatalið þegar veðrið er betra. Helst er litið til að hafa hann sömu helgi og menningarnótt Reykjavíkur fer fram. Mikil stemmning er í höfuðborginni

Þessa helgi og bikarúrslitaleikur yrði góð viðbót við dagskrána. Bent hefur verið á að með því að færa leikinn til gæti komið upp erfið staða fyrir einstök lið vegna Evrópusætis, sbr. leik ÍBV og ÍA á sínum tíma. En við treystum knattspyrnumönnum, þeir leika ávallt af fullum heiðarleika. Það er ekki hægt að ætla mönnum annað. Laugardalsvöllur hefur verið vettvangur úrslitaleiksins undanfarna áratugi. Þegar tvö „minni“ lið komast alla leið í úrslitaleikinn og búið er við fáum áhorfendum vantar upp á stemninguna og því gæti verið kjörið að færa úrslitaleikinn á minni leikvang sem hentar betur.

### **Grindavík, FH, KR, Fram, ÍBV, Fylkir, Keflavík, Valur, Stjarnan.**

Þórir Hákonarson tók til máls og sagðist telja að sú tilraun að hafa leiki í undanúrslitum á Laugardalsvelli hefði tekist vel og hefði aukið markaðsvirði bikarkeppninnar. Kostnaður væri bundinn í reglugerð hvar sem leikirnir færu fram og væri því fyrirfram ákveðið hlutfall af tekjum. Að hafa úrslitaleikinn í ágúst eða september gæti haft margvísleg áhrif á Íslandsmótið og sú staða gæti komið upp að lið gæti hagnast á því að tapa leik í Íslandsmóti ef úrslit væru orðin ljós í bikarkeppni. Hætta væri á að Íslandsmótið yrði gjaldfellt með þessu nýja fyrirkomulagi. Einnig gæti verið erfitt að koma bikarúrslitum fyrir í ágústmánuði ef lið kæmust áfram í Evrópukeppni og vegna landsleikjadags í ágústmánuði. Varðandi mögulegan flutning úrslitaleiksins benti Þórir á að enginn völlum annar en Laugardalsvöllur tæki 4-6 þúsund áhorfendur, en sá fjöldi hefði yfirleitt verið á bikarúrslitaleikjum.

Jóhannes Ólafsson sagðist alltaf hafa verið mótfallinn því að hafa undanúrslit á Laugardalsvelli. Dýrmætt væri fyrir félögin að hafa slíka stórleiki í sinni heimabyggð. Varðandi úrslitaleikinn benti hann á þá erfiðu stöðu sem gæti komið upp ef bikarúrslit kláruðust áður en Íslandsmótið væri búið og nefndi dæmi, sem kom upp fyrir nokkrum árum.

Einar Friðþjófsson taldi tillöguna góða, félögin hefðu velt kostum hennar og göllum fyrir sér.

### **Greidd voru atkvæði um tillögu á þingskjali 11 í þremur hlutum:**

**Tillaga um að færa leiki í undanúrslitum af Laugardalsvelli var samþykkt.**

**Tillaga um að leika úrslitaleik bikarkeppninnar í ágúst eða september var samþykkt með 56 atkvæðum gegn 37.**

**Tillaga um að úrslitaleikurinn fari fram annars staðar en á Laugardalsvelli ef liðin sem leika til úrslita óska þess var felld með 65 atkvæðum gegn 38.**

**Þingskjal 12**

- Framsögu hafði Einar Páll Tamimi.

**Ályktunartillaga um breytingar  
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
– Bikarkeppni kvenna–**

**Lögð er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á reglugerðinni:**32.2.4:

Greinin hljóðar svo:

"Keppni skal vera tvískipt, undankeppni og aðalkeppni. Aðalkeppni hefst með 8 liða úrslitum og skal mótanefnd ákveða hvaða lið fara beint inn í aðalkeppnina. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Við niðurröðun leikja í undankeppni er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar."

Greinin hljóði svo:

*"Keppni skal vera tvískipt, undankeppni og aðalkeppni. Í undankeppni taka þátt öll lið sem ekki keppa í úrvaldsdeild kenna og keppni hagað þannig að 6 lið komist áfram í aðalkeppnina. Aðalkeppni hefst með 16 liða úrslitum þegar lið í Pepsi-deild kvenna hefja þátttöku. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Við niðurröðun leikja í undankeppni er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar."*

**Greinargerð:**

Samkvæmt framkvæmd nágildandi ákvæðis hafa lið í Pepsi-deild kvenna komið á ólíkum tímum inn í bikarkeppnina, þ.e. efstu fjögur lið Pepsi-deildar árið á undan hafa komið til leiks í 8 liða úrslitum en öll önnur lið tekið þátt frá upphafi. Í þéttspilaðri Pepsi-deild hefur þetta mismikla leikjaálag haft í för með sér verulega mismunun gagnvart öðrum félögum en þeim efstu fjórum sem getur komið niður á bæði árangri í deildar- og bikarkeppni. Núverandi fyrirkomulag er þannig til þess fallið að festa í sessi fjögurra liða "elítu" sem erfitt er að brjóta upp. Í bikarkeppni mfl. karla koma öll lið í efstu deild inn í keppnina á sama tíma og er lagt til að hér verði sami háttur hafður á.

Gr. 32.2.8:

Greinin hljóðar svo:

"Úrslitaleikur bikarkeppinnar skal fara fram á Laugardalsvelli í ágúst eða september."

Greinin hljóði svo:

*"Úrslitaleikur bikarkeppinnar skal fara fram á Laugardalsvelli í ágúst eða september. Undanúrslitaleikir skulu leiknir á hlutlausum velli skv. nánari ákvörðun mótanefndar."*

**Greinargerð:**

Lagt er til að undanúrslitaleikir í bikarkeppni mfl. kvenna séu leiknir á hlutlausum velli líkt og leikir í bikarkeppni mfl. karla, enda eiga sömu grunnrök við hjá báðum kynjum hvað þetta varðar. Ekki er þó gert ráð fyrir því að leikið sé á Laugardalsvelli að svo stöddu, enda gerir áhorfendafjöldi á leiki í mfl. kvenna það alla jafna ekki nauðsynlegt.

Gr. 32.2.9:

Greinin hljóðar svo:

“Í úrslitaleik skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn. KSÍ skal þó eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.”

Greinin hljóði svo:

*“Í úrslitaleik skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn. KSÍ skal þó eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Í undanúrslitaleikjum skulu leikaðilar eiga rétt á að koma fyrir auglýsingum svo sem aðstæður leyfa og skulu þeir skipta auglýsingasvæði með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sölu eigin svæðis nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.”*

#### **Greinargerð:**

Tillögð breyting er til samræmis við breytingartillöguna við gr. 32.2.8.

### **Stjarnan**

Lúdvík Georgsson tók til máls og taldi eðlilegt að fyrirkomulagi keppinnar yrði breytt en vildi að það yrði gert með öðrum hætti. Lagði hann fram í nafni stjórnar KSÍ eftirfarandi tillögu:

#### **Lögð er til eftirfarandi breyting á reglugerðinni:**

##### 32.2.4:

Greinin hljóðar svo:

“Keppni skal vera tvískipt, undankeppni og aðalkeppni. Aðalkeppni hefst með 8 liða úrslitum og skal mótanefnd ákveða hvaða lið fara beint inn í aðalkeppnina. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Við niðurröðun leikja í undankeppni er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.”

Greinin hljóði svo:

“Keppni skal vera tvískipt, undankeppni og aðalkeppni. Aðalkeppni hefst með **16** liða úrslitum og skal mótanefnd ákveða hvaða lið fara beint inn í aðalkeppnina. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Við niðurröðun leikja í undankeppni er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.”

#### **Greinargerð:**

Í ljósi fjölgunar liða í meistaraflokki kvenna er eðlilegt að aðalkeppnin hefjist fyrr.

### **Stjórn KSÍ**

Breytingartillaga stjórnar KSÍ var felld með 46 atkvæðum gegn 31.

Stjarnan dró til baka síðari hluta tillögu sinnar varðandi grein 32.2.8. og 32.2.9.

**Tillaga á þingskjali 12 (varðandi grein 32.2.4) var samþykkt, aðrir liðir voru dregnir til baka.**



**Þingskjal 13****Ályktunartillaga um breytingar  
á reglugerð KSÍ um 7 manna bolta  
– 40 ára og eldri–**

Lagt er til við stjórn KSÍ að bætt verði inn sérstöku ákvæði í fyrstu málsgrein 3. greinar – fjöldi leikmanna – til að koma til móts við óskir knattspyrnumanna 40 ára og eldri.

Til samræmis þarf að breyta 3. málsgrein einnig.

Viðbót hefur verið bætt inn í núverandi texta 3. greinar og er viðbótin undirstrikuð - og feitletruð.

3. gr.

*Fjöldi leikmanna*

3.1. Hvort lið skal eigi skipað fleiri en sjö leikmönnum og skal einn vera markmaður.

**Í eldra flokki karla 40 ára og eldri skulu leikmenn vera átta og skal einn vera markmaður.**

3.2. Skiptimenn skulu eigi vera fleiri en fimm. Skipti á leikmönnum skulu fara fram fyrir miðri hliðarlínu vallarins og mega fara fram hvenær sem er í leiknum. Skiptimanni er því heimilt að ganga til leiks þegar einhver leikmaður í liði hans hefur yfirgefið leikvöllinn fyrir miðri hliðarlínu án þess að tilkynna dómaranum um það. Leikmaður, sem skipt hefur verið út af leikvelli, má ganga til leiks á ný.

3.3. Lið, sem mætir með færri en 6 leikmenn til leiks, getur ekki hafið leikinn og telst ekki hafa mætt til leiks. **Í leik eldra flokks karla 40 ára og eldri má lið ekki mæta með færri en 7 leikmenn til leiks.**

3.4. Ef leikmanni er vikið af leikvelli í 5. flokki eða í enn yngri aldursflokkum getur viðkomandi leikmaður ekki tekið frekari þátt í leiknum en heimilt er að skipta öðrum leikmanni inn á í hans stað. Í eldri aldursflokkum er óheimilt að skipta öðrum leikmanni inn á í stað leikmanns sem vikið hefur verið af leikvelli.

**Greinargerð:**

Í 7 manna bolta er yfirleitt leikið 3-2-1, en ef áttundi maðurinn bætist við þá er hægt að leika 3-2-2, þ.e. að senterinn er ekki einn frammi.

Það hjálpar líka heilmikið að fá einn viðbótarleikmann inn í liðið þegar komið er á þennan aldur.

Knattspyrnufélag Reykjavíkur

Þórir Hákonarson tók til máls og taldi að ef heimila ætti 8 leikmenn yrði að samþykka sér reglugerð í þessari keppni.

**Tillagan á þingskjali 13 var felld.**

**Þingskjal 14**

- Framsögu hafði Einar Páll Tamimi.

**Tillaga til ályktunar  
– Jafnrétti kynjanna–**

Með vísan í grein 2.2 í lögum KSÍ ályktar ársþing sambandsins að stjórn og framkvæmdastjóri KSÍ skulu gæta fyllsta jafnréttis kynjanna við allar ákvarðanir innan vébanda þess. Eru þar með taldar ákvarðanir um öll styrkjamála, þ.m.t. afreks- og ferðastyrki.

**Stjarnan**

**Tillagan á þingskjali 14 var samþykkt.**

**Þingskjal 15**

- Framsögu hafði Þórir Hákonarson.

**Tillaga til ályktunar  
-Starfshópur um framkvæmd jafnréttisáætlunar-****Inngangur:**

Á 62. ársþingi KSÍ árið 2008 var samþykkt jafnréttisáætlun KSÍ sem hefur það að markmiði að tryggja jafna möguleika allra til knattspyrnuíðkunar á Íslandi. Jafnréttisstefnan byggir á gildandi lögum og mannréttindasáttmálum sem Ísland er aðili að og er það vilji Knattspyrnusambands Íslands að allir, óháð kyni, stöðu og búsetu, hafi jafna möguleika á knattspyrnuíðkun og jafnréttissjónarmið séu samþætt allri starfsemi.

**Tillaga:**

Ársþing KSÍ felur stjórn KSÍ að skipa fimm manna starfshóp sem ætlað er að leggja fram tillögur um aðgerðir og fylgja eftir jafnréttisáætlun KSÍ sem samþykkt var á 62. ársþingi KSÍ árið 2008.

**Stjórn KSÍ**

**Tillagan á þingskjali 15 var samþykkt.**

**Þingskjal 16**

- Framsögu hafði Kolbrún Þorsteinsdóttir.

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn  
– A dómara–**

**Lagt er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á fyrsta hluta greinar 4.3., viðbót ská- og feitletruð:**

4.3. Landsdómarar í A-flokki hafa rétt til að dæma alla leiki í mótum á vegum KSÍ. Þeir skulu ásamt öðrum störfum dæma alla leiki í Pepsi-deild karla og **kvenna** og alla leiki í bikarkeppni meistaraflokks karla frá og með 8 liða úrslitum **og kvenna frá og með 4 liða úrslitum**. Þeir skulu annast að minnsta kosti 25 störf á keppnistímabilinu“.

**Greinargerð:**

Það er í anda jafnréttisáætlunar KSÍ að bjóða þátttakendum í úrvalsdeild kvenna upp á dómara í sama gæðaflokki og eru í úrvalsdeild karla.

Með þátttakendum er átt við knattspyrnukonurnar, stjórnir knattspyrnufélaganna, þjálfara, aðstandendur og áhorfendur.

Þessi regla skal taka gildi strax en með heimild til að „Landsdómarar B“ dæmi í Pepsi deild kvenna næstu 2 ár á meðan verið er að fjölga „Landsdómurum A“. Þó skal hvert lið í Pepsi deild kvenna fá fimm leiki á ári með „Landsdómara A“.

**UMSK**

Gylfi Þór Orrason tók til máls og sagði meginverkefnið að fjölga kvendómurum í knattspyrnunni. Hann sagðist gera sér vonir um að leikir í efstu deild kvenna verði dæmdir af konum eftir 4-5 ár. Hann sagði að jafnréttisumræðan mætti ekki snúast upp í andhverfu sína.

Tryggvi Þorsteinsson tók til máls og sagði að brýnt væri að jafn góðir dómarar dæmdu í kvennaknattspyrnu og hjá körlum.

Þórir Hákonarson tók til máls og bar fram tillögu um að tillögunni yrði vísað til starfshóps um framkvæmd jafnréttisáætlunar.

Tillaga Þóris var samþykkt.

**Tillögu á þingskjali 16 var vísað til starfshóps um framkvæmd jafnréttisáætlunar.****Þingskjal 17**

- Framsögu hafði Einar Páll Tamimi.

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um félagaskipti,  
samninga og stöðu leikmanna og félaga  
– Leikmannasamningar í 1. deild kvenna–**

**Lögð er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á reglugerðinni:**Gr. 14.5:

Greinin hljóðar svo:

“Aðeins félögum í Pepsi-deild karla, 1. deild karla og í Pepsi-deild kvenna er heimilt að gera leikmannssamning. Félag sem gerir leikmannssamning kallast samningsfélag (professional club). Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabila í Pepsi-deild karla, en þriggja keppnistímabila í 1. deild karla og Pepsi-deild kvenna, sbr. þó næstu grein.”

Greinin hljóði svo:

“Aðeins félögum í Pepsi-deild og 1. deild karla og kvenna er heimilt að gera leikmannssamning. Félag sem gerir leikmannssamning kallast samningsfélag (professional club). Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabila.”

**Greinargerð:**

Ekki verður séð að nokkur rök séu fyrir þeirri mismunun kynjanna sem fram kemur í nágildandi ákvæðum. Það að banna liðum í 1. deild kvenna að gera leikmannasamninga er til þess fallið að festa í sessi stöðu þeirra félaga sem leika í Pepsi-deild, þar sem félögum sem leika í 1. deild er ekki unnt að gera jafn vel við sína leikmenn. Þeir eru því líklegri til að freistast til að yfirgefa sín félög og ganga til liðs við Pepsi-deildarfélög í stað þess að hjálpa sínu félagi að komast í hóp þeirra liða. Hvað lengsta mögulega samningstíma varðar er leikmönnum er að sjálfsögðu heimilt að gera samninga til skemmri tíma en sem nemur tilgreindum hámarkstíma og því skortir rök fyrir ólíkum hámarks samningstíma.

**Stjarnan**

Lúðvík Georgsson tók til máls og lagði til að tillögunni yrði vísað til starfshóps um framkvæmd jafnréttisáætlunar.

Tillaga Lúðvíks var samþykkt.

**Tillögu á þingskjali 17 var vísað til starfshóps um framkvæmd jafnréttisáætlunar****Þingskjal 18**

- Framsógu hafði Einar Páll Tamimi.

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um félagaskipti,  
samninga og stöðu leikmanna og félaga  
– Skráning samninga–**

**Lögð er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á reglugerðinni:****Gr. 14.11:**

Greinin hljóðar svo:

"Félag, sem gerir samning við leikmann, hvort sem það er sambandssamningur eða leikmannasamningur, skal senda skrifstofu KSÍ afrit af honum fullfrágengnum til skráningar, en leikmaður og félag skulu fá sitt frumritið hvort eftir undirskrift Skráning skal gerð innan mánaðar frá undirritun. Áður skal félag standa skil á þeim kröfum sem myndast við undirritun samnings. Félag, sem lætur ekki skrá samning innan tilsettra tímamarka, missir allan kröfurétt sem samningurinn veitir, en "leikmaðurinn heldur sínum kröfurétti."

Greinin hljóði svo:

"Félag, sem gerir samning við leikmann, hvort sem það er sambandssamningur eða leikmannasamningur, skal senda skrifstofu KSÍ afrit af honum fullfrágengnum til skráningar, en leikmaður og félag skulu fá sitt frumritið hvort eftir undirskrift Skráning skal gerð innan mánaðar frá undirritun. Áður skal félag standa skil á þeim kröfum sem myndast við undirritun samnings. Félag skal sérstaklega kynna leikmanni skyldu sína til að láta skrá samningi innan mánaðar og benda honum á að slík skráning komi fram á heimasíðu KSÍ þegar hún hafi átt sér stað. Þessarar skyldu skal einnig getið í staðalsamningi KSÍ. Leikmanni skal heimilt að senda skrifstofu KSÍ afrit samnings til skráningar allt að tveimur mánuðum eftir undirskrift, enda hafi félag ekki skráð samning innan þess tíma. Hafi hvorki félag né leikmaður sent KSÍ afrit samnings til skráningar innan tilskilins frests, fellur samningurinn úr gildi."

**Greinargerð:**

Sú réttarstaða sem komið getur upp samkvæmt nágildandi ákvæðum er þungbærari fyrir félög en unnt er að réttlæta. Þannig getur sú staða t.a.m. komið upp að félag þurfi að greiða leikmanni laun á undirbúningstímabili sem getur eftir eigin hentugleika skipt um félag skömmu fyrir keppnistímabil, að ekki sé talað um þá illþolanlegu

Óvissu fyrir félag sem felst í því að þurfa að bera kostnað af leikmanni sem hvenær sem er getur hlaupið frá borði og gengið til liðs við annað lið. Samkvæmt gildandi ákvæðum er enginn greinarmunur gerður á því að senda samning til skráningar einum degi of seint eða mánuðum eða árum síðar. Þannig getur afleiðingin fyrir félög af jafnvel minniháttar vangá verið afar íþyngjandi. Í ljósi þess að upplýsingatækniöld hefur fyrir nokkru haldið innreið sína og að KSÍ rekur ágætis heimasíðu sem tryggir gagnsæi í samningamálum, er eðlilegt að gera leikmenn meðábyrga fyrir skráningunni, enda hafa þeir hag af því að hún nái fram að ganga og að samningar þeirra haldi gildi. Því er í tillögunni gert ráð fyrir að ef félag vanrækir skyldu sína til skráningar, þá geti leikmaður sjálfur tryggt skráningu og þar með gildi samnings. Loks er gert ráð fyrir að ef hvorki félag né leikmaður tryggir skráningu samnings, falli hann úr gildi að öllu leyti og þar með réttindi og skyldur beggja samningsaðila.

### Stjarnan

Þórir Hákonarson tók til máls og lagði til að fyrirkomulagið yrði óbreytt.

**Tillagan á þingskjali 18 var felld.**

---

### Þingskjal 19

- Tillagan á þingskjali 19 var dregin til baka.

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um félagaskipti,  
samninga og stöðu leikmanna og félaga  
– Leikmannasamningar við fall um deild–**

**Lögð er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á reglugerðinni:**

Gr. 14.14:

Greinin hljóðar svo:

“Ef félag fellur niður í 2. deild karla eða 1. deild kvenna skulu allir leikmannssamningar þess renna út í lok keppnistímabils án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila og félagið missir heimild til að gera leikmannssamninga. Þetta hefur þó ekki áhrif á reglur um félagaskipti.”

Greinin hljóði svo:

*“Falli félag um deild þannig að það leiki ekki á næsta keppnistímabili í Pepsi-deild eða 1. deild, skulu allir leikmannssamningar þess renna út í lok keppnistímabils án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila og félagið missir heimild til að gera leikmannssamninga. Þetta hefur þó ekki áhrif á reglur um félagaskipti.”*

**Greinargerð:**

Þessi breytingartillaga er í samræmi við breytingartillögu við gr. 14.5.

### Stjarnan

**Tillagan á þingskjali 19 var dregin til baka.**

**Þingskjal 20**

- Framsógu hafði Trausti Hjaltason.

**Ályktunartillaga um breytingar  
á reglugerð KSÍ um félagaskipti,  
samninga og stöðu leikmanna og félaga  
– Innheimta félagaskiptagjalds–**

**Lagt er til við stjórn KSÍ að við grein 18.2. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga bætist við eftirfarandi: *Skal KSÍ annast alla innheimtu og greiða út til félaganna í loktímabils.***

18.2. Félagaskiptum leikmanna, sem verið hafa á samningi, til, frá eða milli samningsfélaga/sambandsfélaga fylgja greiðslur milli félaga, (*skal KSÍ annast alla innheimtu og greiða út til félaganna í loktímabils*). Slíkar greiðslur skulu ákvarðast af eftirfarandi reglum:

18.2.1. Grunn gjald félagaskipta er kr. 100.000. Allar greiðslur milli félaga vegna félagaskipta reiknast sem margfeldi af grunn gjaldi samkvæmt eftirfarandi reglum. Félagaskiptagjald getur aldrei orðið hærra en tífalt grunn gjald sbr. þó grein 18.6. Grunn gjaldið skal endurskoðað reglulega af samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ. Nýja grunn gjaldið skal taka gildi frá næstu áramótum.

**Greinargerð:**

Það er gömul og ný saga að erfiðlega getur stundum gengið fyrir félög að innheimta þessar greiðslur þrátt fyrir ákvæði reglugerðarinnar. Það er örugglega miklu skilvirkara og betra að þessar greiðslur séu innheimtar af sambandinu. KSÍ fær allar félagsskiptatilkynningar og getur auðveldlega haldið utan um hvað hvert félag á að greiða eða fá greitt í lok hvers árs.

**ÍBV**

Þórir Hákonarson tók til máls og sagði að tillögur yrðu að vera framkvæmanlegar, en hann fengi ekki séð hvernig það yrði hægt í þessu tilviki. Tillagan fæli í sér meira en að breyta tölum í bókhaldi og hafnaði því að félagaskipti yrðu upp á krít. Þórir sagðist ekki vilja að skrifstofa KSÍ yrði ný innheimtustofnun.

Jóhannes Ólafsson sagði þetta vera vel framkvæmanlegt og myndi auðvelda störf félaganna. Hann nefndi tilvik þar sem ÍBV hefði greitt félagaskiptagjald, en félagaskiptin hefðu síðan ekki gengið eftir. Enn hefði ÍBV ekki tekist að fá gjaldið endurgreitt.

**Tillagan á þingskjali 20 var felld.**

**Þingskjal 21**

- Tillagan á þingskjali 21 var dregin til baka.

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um félagaskipti,  
samninga og stöðu leikmanna og félaga  
– Stuðlar leikmanna–**

**Lögð er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á reglugerðinni:**

Gr. 18.2:

Grein 18.2.7. falli út.

~~18.2.7. Stuðullinn er 1 fyrir allar konur~~

#### **Greinargerð:**

Hér er gert ráð fyrir því að ekki skuli lengur greiðast sama félagaskiptagjald þegar knattspyrnukonur fara á milli félaga, óháð getu og reynslu, enda gildir öndverð regla fyrir karlmenn. Hins vegar er skilið eftir opið hvernig stuðlar skuli gilda þegar þannig stendur á og skilið eftir fyrir stjórn KSÍ að búa til stuðlatöflu sem endurspeglar þann veruleika að minni peningar eru í kvennaknattspyrnunni en karlaknattspyrnunni.

### **Stjarnan**

**Tillagan á þingskjali 21 var dregin til baka.**

---

#### **Þingskjal 22**

- Framsögu hafði Torfi Ólafur Sverrisson.

### **Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga – Stuðlar–**

**Lagt er til við stjórn KSÍ að grein 18.2.7. verði felld út úr reglugerðinni:**

~~18.2.7. Stuðullinn er 1 fyrir alla konur~~

#### **Greinargerð:**

Með því að fella þetta ákvæði brott myndi sami margfeldisstuðull verða hagnýttur bæði fyrir karla og konur. Þó að baki þessari málsgrein sem hér er lagt til að verði felld brott búi góður hugur um að stuðla að lipurri skiptingu milli liða af hálfu leikmanna og að steinar séu síður lagðir í þeirra götu með háum fjárkröfum þar sem minna hefur verið um fé milli handa í kvennaknattspyrnunni lýsir ákvæði þetta úreltu viðhorfi til jafnréttis kynjanna. Kappkosta ber að jafna þennan mun á allan hátt í stað þess að binda hann í reglur Knattspyrnusambandsins.

Rétt er líka að áréttta að þessi mismunun felur í sér brot á grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar sem bannar mismunun á grundvelli kynferðis. 65. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands hljóðar svo:

*65. gr. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.*

Knattspyrnusamband Íslands er samband allra iðkenda knattspyrnu óháð kynferði og því er sambandinu ekki tækt að mismuna félagsmönnum sínum með þessum hætti og því brýnt að ákvæði þessu verði breytt.

### **HK**

Lúðvík Georgsson tók til máls og sagði að tillagan fæli í sér meiri breytingar á viðkvæmu stuðlakerfi heldur en virtist við fyrstu sýn. Hann lagði til að tillögunni yrði vísað til starfshóps um framkvæmd jafnréttisáætlunar.

Almar Guðmundsson tók til máls og sagði að sér virtist vanta í umboð starfshópsins hvenær hann skili af sér og í hvaða farveg tillögur hans færu.

Þórir Hákonarson tók til máls og sagði að með því að vísa málum til starfshópsins gæfust möguleikar á sníða agnúa af tillögum og samræma þær öðrum reglum og lögum. Mál færu síðan áfram til stjórnar KSÍ sem fyrst, eða í síðasta lagi fyrir næsta ársþing sambandsins.

### **Tillögu á þingskjali 22 var vísað í starfshóp um framkvæmd jafnréttisáætlunar.**

---

#### **Þingskjal 23**

- Framsögu hafði Hilmar Bergmann.

#### **Tillaga til ályktunar – Skattamál–**

#### **Lögð er fram tillaga að eftirfarandi ályktun til stjórnvalda og alþingi:**

Í ljósi efnahagsástandsins og fjárhagsþrengingar skorar ársþing KSÍ á stjórnvöld og alþingi að fella niður virðisaukaskatt og tekjuskatt af íþróttastarfsemi.

#### **Greinargerð:**

Vegna efnahagsástandsins og þeirra fjárhagsþrenginga sem hrjá mörg félög innan KSÍ er mikilvægt að sambandið vinni með félögunum að leið sem hægt er að benda á svo að starf, sérstaklega yngri flokka, leggist ekki af. Þrátt fyrir þrengingar verða stjórnvöld að sýna þessu mikilvæga starfi skilning. Stórir styrktaraðilar sjá sér ekki fært að standa við gefna samninga og allt starfið er í húfi.

#### **Afturelding**

### **Tillagan á þingskjali 23 var samþykkt.**

---

#### **Önnur mál:**

Ingibjörg Hinriksdóttir tók til máls, en hún hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs í stjórn KSÍ. Hún sagðist kveðja stjórn KSÍ bæði með eftirvæntingu og eftirsjá, eftir átta ára setu í stjórninni. Ingibjörg sagði meðal annars í ræðu sinni: "Knattspyrnan er fjölmennasta íþróttahreyfing landsins. Við öll sem hér erum inni höfum notið þess að leika, lifa og starfa innan hreyfingarinnar frá því við vorum börn. Við megum ekki láta einstaka atburði draga úr þeirri ánægju okkar. Knattspyrnan er fyrir alla og við gerum allt fyrir knattspyrnuna. Þannig hefur það verið, þannig er það og þannig á það að vera áfram. Stöndum saman vörð um þessa stórkostlegu íþrótt, berjumst saman fyrir sameiginlegum réttindamálum innan vallar og utan og sýnum svo ekki verður um villst að knattspyrnan er eitthvað sem allir geta samsvarað sig við." Ingibjörg þakkaði öllum stjórnarmönnum sem hún hefur starfað með í gegnum tíðina ánægjulegt samstarf. Sömmuleiðis þakkaði hún starfsmönnum KSÍ.

Þórir Hákonarson flutti yfirlit um breytingar á reglugerðum KSÍ á liðnu starfsári.

Sveinbjörn Brandsson, Lúðvík S. Georgsson, Willum Þór Þórsson og Ólafur Þór Ágústsson fluttu fræðsluerindi.



**Kosningar**

- Álit kjörnefndar flutti Gísli Gíslason formaður

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda:

**Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:**

Lúðvík S. Georgsson	Reykjavík
Jón Gunnlaugsson	Akranesi
Ragnhildur Skúladóttir	Reykjavík
Rúnar Arnarson	Reykjanesbæ

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

**Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs:**

Vesturland	Jakob Skúlason, UMSB
Norðurland	Björn Friðþjófsson, UMSE
Austurland	Árni Ólason, UÍA
Suðurland	Tómas Þóroddsson, HSK

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

**Kosning til varastjórnar til eins árs**

Jóhannes Ólafsson
Sigvaldi Einarsson
Þórarinn Gunnarsson

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

**Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs**

Vesturland	Jóhann Torfason, HSV
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson, UMSS
Austurland	Valdemar Einarsson, USÚ
Suðurland	Trausti Hjaltason, ÍBV

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

**Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ**

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttaping til stjórnar KSÍ var samþykkt.

**Kosning skoðunarmanna reikninga KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Hannes Þ. Sigurðsson
	Haukur Gunnarsson
Varamenn	Reynir Karlsson
	Elías Hergeirsson

**Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í áfrýjunardómstól KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Sigurður G. Guðjónsson
	Guðmundur Pétursson
	Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
Varamenn	Brynjar Níelsson
	Guðmundur Þórðarson
	Hörður Felix Harðarson
	Jóhannes Albert Sævarsson
	Lúðvík Örn Steinarsson

**Kjörnefnd**

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:  
Gísli Gíslason, formaður  
Steinn Halldórsson  
Unnsteinn Jónsson

**Endurskoðandi**

Gerð var tillaga um Björn Inga Victorsson sem endurskoðanda KSÍ og var hann sjálfkjörinn.

**Kosning í siðanefnd KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í siðanefnd KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Albert Eymundsson Kristrún Heimisdóttir
Varamenn	Helgi Þorvaldsson Hanna Sigríður Sigurðardóttir

**Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.****Þingslit**

Guðmundur Pétursson, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf og fól að því loknu Geir Þorsteinssyni formanni KSÍ að slíta 64. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.

Geir Þorsteinsson þakkaði þingfulltrúum gott og málefnalegt þing. Meðal helstu breytinga sem samþykktar voru á þinginu nefndi hann breytingar á bikarkeppninni; það væri verkefni stjórnar KSÍ að auka enn veg bikarkeppninnar á komandi árum. Hann bauð Ragnhildi Skúladóttur og Tómas Þóroddsson velkomin til starfa. Geir sæmdi síðan þau Ingibjörgu Hinriksdóttur og Einar Friðþjófsson gullmerki KSÍ og þakkaði þeim góð störf á vettvangi KSÍ. Jafnframt sæmdi hann Atla Þórsson, Breiðabliki, gullmerki KSÍ en Atli var vant við látinn þegar afhent voru heiðursmerki í tilefni af 60 ára afmæli Breiðabliks daginn áður. Að því búnu sleit hann 64. ársþingi KSÍ og óskaði þingfulltrúum góðrar heimferðar og heimkomu.




Guðmundur Pétursson  
1. þingforseti  
(sign.)



Steinn Halldórsson  
2. þingforseti  
(sign.)

Ágúst Ingi Jónsson  
1. þingritari  
(sign.)



Klara Bjartmarz  
2. þingritari  
(sign.)